

Nd.

§5. Nefndarátt

um Landhelgissjóðsmálið.

Nefnd sú, er háttvirt neðri deild Alþingis skipaði til að athuga frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 55, 10. nóv. 1913, um stofnun Landhelgissjóðs Íslands, hefir nú athugað það á þrem fundum.

Nefndin er öll sammála um, að meginhugsun frumvarpsins, sú að auka Landhelgissjóðinn, sje rjett, enda í samræmi við stefnu þá, er þingið tók 1913 með stofnun Landhelgissjóðsins.

En hinsvegar er nefndin eigi allskostar sammála um hve stóra fjárhæð landssjóður eigi að leggja fram til sjóðsins. Minni hluti nefndarinnar, þeir Jón

Jónsson og Benedikt Sveinsson vilja halda sjer við ákvæði frumvarpsins eða, að minsta kosti, eigi fara niður úr 25 þús. króna, en meiri hlutinn, þeir Sigurður Gunnarsson, Magnús Kristjánsson og Matth. Ólafsson vilja færa upphæðina niður í 20 þús. kr. á ári.

Minni hlutinn telur, að óhæfilega langur tími líði þangað til sjóðurinn geti tekið til starfa, ef tekjur hans sje eigi auknar að miklum mun, og það því fremur, sem nú liti út fyrir, að tekjur hans af sektum verði mjög litlar, með því að svo fáir útlendir botnvörpungar stundi veiði hjer við land.

Meiri hlutanum er það ljóst, að því minni tekjur, sem sjóðurinn hefir, því lengur dregst, að hann geti tekið til starfa, en hann álitur, að fjárhagsútlitið sje nú svo ískyggilegt, að eigi beri að verja stórfje til neins þess, er eigi gefur skjótan og áreiðanlegan arð, en undir það telur hann ekki þetta mál heyra. — Skoðun hans er sú, að takmark vort eigi að vera það, að taka landhelgisvörnina með öllu í vorar hendur, og vjer eigum að verja til undirbúnings þess nokkru fje á hverju fjárhagstímabili, meira þegar vel lætur í ári og minna þegar miður lætur.

En þótt oss nefndarmenn hafi greint á um upphæðina, höfum vjer þó eigi viljað gera þennan ágreining að sundrungarefni, og leggur því nefndin, í heild sinni, til, að háttvirt neðri deild Alþingis samþykki frumvarpið með eftirfarandi breytingu:

Í stað »30,000 krónur«, í fyrstu gr. komi:
20,000 krónur.

Neðri deild Alþingis, 22. júlí 1915.

Matth. Ólafsson
form. og framsögum.

Sigurður Gunnarsson
skrifari.

M. J. Kristjánsson.

Jón Jónsson.

Benedikt Sveinsson.